

Eystra-Geldingaholti, 24. september 2017

Kæri kjósandi í kjöri vígslubiskups í Skálholti.

Ég er Axel og mig langar að verða næsti vígslubiskup í Skálholti.

Ég er fæddur 2. maí 1961, sonur hjónanna Ingibjargar Axelsdóttur og Árna Byrons.

Konan mín er Sigbrúður Jónsdóttir frá Eystra-Geldingholti, í Gnúpverjahreppi. Hún er sérfræðingur hjá Landgræðslu ríkisins í Gunnarsholti. Við eigum Pálínu, sem er í framhaldsnámi í sálfræði við HÍ og Jón Karl á 3 ári í læknisfræði við HÍ.

Ég vígðist 12. maí 1991 til prestsþjónustu í Stóra-Núpsprestakalli í Árnasprófastsdæmi. Árið 2010 varð ég héraðsprestur Suðurprófastsdæmis. Sem héraðsprestur hef ég verið settur til að þjóna Odda, Mosfelli, Selfossi, Hveragerðis og hálfu Skálholti. Samhliða embætti hef ég rekið smáfyrrtækið Ábótann ehf. sem veitir síðan 2001 internetþjónstu á Suðurlandi. Verkefnum tengdu internetinu hef ég sinnt frá 1995 og ég stofnaði kirkjan.is árið 1996. Og að ógleymdum gagnagrunninum Kapellán, sem margir presta hafa notað til skráningu verka og geymir sóknartal og þjóðskrá.

Ég hef glögga mynd af því, hvað það er að vera prestur. Ég hef víðtæka reynslu úr lífi og starfi sem gætu nýst Skálholti og kirkjunni með nýjum hætti.

Ég hafði líka raun af áratuga náttúrverndarbaráttu til verndunar Þjórsárvera, sem er einstætt vistkerfi á heimsvísu og aðrir vildu spilla og ganga á, sem og andstöðu við virkjunarframkvæmdir í neðri hluta Þjórsár. Margir og sífellt fleiri vakna til vitundar um þátt græði, eigingirnar og sinnuleysis í því að spilla vistkerfum. Viðurkenning á þætti konu minnar til náttúrverndar gafst, er henni voru veitt náttúrverndarviðurkenning Sigríðar í Brattholti af umhverfsráðherra þann 15. september sl. fyrir áratuga náttúrverndarbaráttu.

Og af hverju að kjósa mig til þess að verða vígslubiskup í Skálholti? Til að svara því, þá vil ég biðja þig og þau öll sem fá að kjósa, að biðja Guð um hjálp og um leiðsögn. Reyna að heyra í bæn á hvern kallað er á.

Mannjöfuður konunga á varla við í þessu, vegna þess að erindið sem á að rækja er ekki manns eigið, heldur fagnaðarerindið sjálft. Eftir sem áður þarf að vega og meta menn. Þegar maður er á miðjum aldri er göngulag mótað. Maður hleypur ekki langt frá sjálfum sér og orðstír er þegar mikið mótaður. Ég verð ekkert betri eða verri við að leggja í vígslubiskup, en „óhætt er vegna fyrirheitanna að treysta því að Guð heyrir bænir okkar er við biðjum þess að fá staðist á komandi tíð, hvernig sem nú frammistaðan var í því sem nú er að baki.“

Síðustu ár hef ég í guðfræði minni og kirkjuskilningi hallað mér að Jesú sjálfum og gefið honum hugarsæti, leitast við að hafa huga Krists. (1. Kor. 2.16b) Ég vil horfa til þess sem Jesús boðar og býður. Þannig vil ég tala um gildismat samfélagsins.

Þess vegna vil ég standa gegn græðgi, eigingirni og sinnuleysi.
Þess vegna vil ég náttúruvernd.

Þess vegna vil ég sjálbæra þróun sem gerir okkur kleift að mæta þörfum okkar án þess að stefna í voða möguleikum komandi kynslóða á að mæta þörfum sínum. Þess vegna er ég á móti því, að eyðileggja náttúruperlur í skiptum fyrir alls kyns góss.

Kirkjuskipan höfum við að hlotið í arf og skipulagið er með ákveðnum hætti og breytingum undirorpið. Ég hef áttað mig á því að margt af því sem er í dag og sem við höfum hlotið í arf, mun ganga sér til húðar að öðru óbreyttu og stofnunin líka.

Ég nefni að línuleg dagskrá ljósvakamiðla er að víkja og fólk velur sjálft. Starf kirkjunnar er hins vegar að mestu leyti línulegt.

Ég nefni fækkun fólksins sem er skráð í kirkjuna. Prósentu talan fer lækkandi og líka lækkar hún með tilliti til íslenskra ríkisborgara. Fyrirséð er mikil lækkun tekna og fækkun prestsembætta.

Ég nefni að það eru að skella á okkur miklar breytingar í mennta- og atvinnumálum með aukinni gervigreind og samfélögin munu breytast mikið og hratt á næstu árum. Ég er viss um það að starf kirkjunnar getur skipt mjög miklu máli og sér í lagi í mótun hugar og hjarta fólksins. Íslenska þjóðkirkjan sem stofnun og trúfélag þarf að átta sig á þessu og því mikla hlutverki sem hún gæti sinnt. Því er brýnt að við finnum út hvað þarf til þess verkefnis og móta kirkjustarfið við nýjan heim. Það ætti að vera köllun biskupanna að andleg leiðsögn og tilsjón þeirra verði með þeim hætti að fólkið í landinu að finna sig vilja eiga samleið með þessari kirkju og boðskapnum sem hún flytur. Við þurfum að fara að starfa við annan veruleika og hafa þá getu til að horfast í augu við vandann, átta okkur á því af hverju fólkið fer eða kemur ekki. Og þetta snýr að prests og predikunarembættinu. Þetta snýr að köllun kirkjunnar og sjálfum grundvellinginum að tilgangsríku lífi. Við ættum öll, með öllum mætti og nýjum heildstæðum hætti að vinna að því, að prests og predikunarembættið nýtist til þess að kirkjan og kirkjustarfið leiði til þess að fólkið láti sig það varða, að vera kristið fólk, sem tekur ákvörðun á þeirri lífssýn og láta íslenskt samfélag halda sér í grunni sem kristið samfélag.

Vígslubiskup starfar samt ekki á eigin forsendum heldur á grundvelli laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997. Hann er því settur undir umboð biskups Íslands og eftir þeirri kirkjulegu skipan sem segir í lögum, reglugerðum og starfsreglum. Vígslubiskup á að veita andlega leiðsögn og tilsjón innan kirkjunnar í umdæmi sínu, efla kirkjulíf, vísitera og annast sáttaumleitanir.

Þegar andleg leiðsögn er tiltekin þá, snýr sú leiðsögn að því koma inntaki fagnaðarerindisins um Krist skýrt á framfæri í orði og verki til að geta virkað og verið raunveruleg hjálp fyrir menn.

Tilsjónarþáttur vígslubiskups er nokkuð ljós, hann felst í yfirsýn, samþættingu og hvers konar stuðningi, í hverju því sem snertir inntak og markmið kirkjustarfsins. Þar er og falið agavald og skylda til að grípa inn í. En ég tel að vígslubiskupinn hafi ekki frítt spil heldur ætíð settur undir umboð biskups Íslands. En með umboði getur vígslubiskupinn hugað að andlegri líðan og velferð prestanna, faglegum þroska og trúarlegri uppbyggingu. Vígslubiskupinn getur þar með haft hönd í bagga með

mótun prestsins eftir vígslu
mótum sóknarnefndarfólks
mótun kirkjuþingsfólksins.

Við sem kirkja þurfum því að verða stærri en sá vandi sem við erum að glíma við hverju sinni. Vandamál og erfiðleikar eiga ekki að slá okkur niður, vitandi það að Jesús, sem er okkar andlegi hirðir segir beinlínis í Jóhannesarguðspjall 16:33: Þetta hef ég talað við yður svo að þér eigið frið í mér. Í heiminum hafið þér þrenging. En verið hughraustir. Ég hef sigrað heiminn.“

En Skálholt, hvað er það í dag?

Ég held að Skálholt sé meira en staður og byggingar á landareign. Skálholt er staður þar sem fólk tekur ákvörðun um að dýpka rætur sínar í Guði. Skálholt er uppspretta næringar og endurnýjunnar. Skálholt er vettvangur nýs upphafs hjá mörgu fólki.

Skálholt er sérstakur staður. Á því er enginn vafi. En Skálholt er meira en staður. Ég held að Skálholt sem hugmynd eða hugmyndastraumur sé mikilvægara en byggingarnar á landareigninni.

Um Péturskirkjuna í Skálholti segir í Hugurvöku „að réttu kallast hún andleg móðir allra annarra vígðra húsa á Íslandi.“ Táknræn merking þess, er ímynd þeirrar veraldar, sem menn byggja og blessun út til allra manna, hvar sem þeir eru staddir á hnettinum -urbi et orbi.

Þannig er Skálholt nú sem fyrr, hornsteinn kristinnar á Íslandi er bindur veröld manna við veröld æðri máttarvalda. Þetta móðurhlutverk er erfðarhlutur hennar. Þennan erfðarhluta ber að varðveita og sjá til þess að þar hljóðni aldrei bænahald og helgur söngur.

Um miðbik síðustu aldar áttuðu menn sig á ný á þessu hugmyndfræðilega hlutverki. Án þeirra vonar og væntinga hefði Skálholt vart risið á ný. Og enn hafa menn væntingar til Skálholts.

Ég held að málum sé háttað þannig næstu misserin að frekari fjárveitingar verði ekki til Skálholts. Skálholt þarf því að finna fjármuni sjálft, til að reka sig og byggja sig upp. Staðurinn og starfsemin þar hefur verið fjársvelt árum og áratugum saman. En fjársveltur hrörnar hann enn frekar. Skálholt verður alltaf kostnaðarsamt í rekstri og viðhaldi. En staðurinn gæti líka gefið miklar tekjur og þannig orðið sjálfbær rekstarlega séð. Þess vegna þarf að afla staðnum tekna. Það mætti td. finna hóp af fólki sem vill vera sem verðir Skálholts með mánaðarlegu framlagi.

Skólavarðan gamla í Skálholti ætti að vera til að brýna okkur í að vera lifandi, færanleg og endurmótanleg, til að glíma við breytingar á samfélagi og fjárhag.

Fáir staðir á landinu geyma jafn ríka sögu og Skálholt. Skálholt er í alfaraleið tugþúsunda á hverju ári og Skálholt getur verið okkur einstak tækifæri til mótun hugarfars landsmanna og ferðamannsins. Skálholtsjörðin, þetta mikla land, dýrmætt vistkerfi, fuglalíf, kyrrðin, áin, útsýnið og fegurð tala við verund

mannsins og nærir sálina. Og svo Guðshúsið sjálft, sem skjól og vörn þegar
válynd verður skella á heiðum og fjöllum.

Það á að fara að kjósa annan tveggja sem eiga að styðja við embætti Biskups
Íslands. Skálholtsstaður fylgir þessu embætti og öll tilsjón á þeim stað.

Mig langar á næstu fimm árum að axla meiri ábyrgð og vera með í því að leiða
fram, hvetja til og styðja, það sem íslenska þjóðkirkjan og Skálholt þarf á næstu
árum. Og til að mæta því sem kemur handan sjóndeildarhringsins.

Axel Árnason Njarðvík

Myndbönd og fleira á www.axel.is

FaceBooksíða mín er undir Axel Á Njarðvík

Sími 8982935

Netfangi axel.arnason@kirkjan.is